



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík
nefnasvið@althingi.is

Reykjavík 22. febrúar 2017

Efni: Umsögn til velferðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum á lögum nr. 113/1990, um tryggingargjald, með síðari breytingum. Þingskjal 141 – 84. mál.

Landspítali hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Í frumvarpinu er lögð er til lenging á fæðingar- og foreldraorlofi, þar sem mæður geta að hámarki tekið sjö mánuði og feður eiga sjálfstæðan fimm mánaða rétt.

Landspítali nálgast þessa umsögn annars vegar sem stór vinnuveitandi, og hins vegar sem þjónustuaðili við ungbörn og foreldra þeirra við fæðingu og á fyrstu æviárunum.

Hvað varðar vinnuveitandahljóðina, þá telur Landspítali að það sé jákvætt að íslensk umgjörð fæðingarorlofs fylgi norrænum fyrirmyndum hvað varðar lengd þess og skipulag. Lengra fæðingarorlof mun hjálpa til við að laða ungt fagfólk til starfa hér á landi, og hvetja til þess að þau snúi heim að loknu námi. Hins vegar mun þessari breytingu fylgja aukin þörf á afleysingum vegna fjarveru foreldra, með tilheyrandi veikindarétti og orlofsrétti, auk þess sem tryggingagjald verður væntanlega hækkað. Landspítali treystir því að slíkum kostnaðaráhrifum verði mætt við fjárlagagerð gagnvart stofnunum ríkisins.

Hvað varðar þá hlið sem snýr að hagsmunum ungbarna og foreldra þeirra, þá telja fagaðilar innan Landspítala að frumvarpið sé að mestu jákvætt í ljósi þeirra. Í meðfylgjandi álitni félagsráðgjafa á kvenna- og barnasviði kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Mjög jákvætt er að auka þann tíma sem barnið hefur með foreldrum sínum.
- Jákvætt að styrkja samband barns og föður, sem um leið jafnar stöðu foreldra á vinnumarkaði.
- Misræmi milli réttinda barns sem á foreldra sem taka jafnan þátt í umönnun barnsins og þeirra barna sem eiga aðeins eitt virkt foreldri. Barnið nýtur fullrar samvista við annað foreldri sitt í sjö mánuði í stað tólf ef báðir foreldrar eru virkir. Æskilegt væri að foreldrar hefðu sjálfðæmi um ráðstöfun fæðingarorlofstíma með barninu frekar en að skipting þess milli foreldra sé bundin í lög. Æskilegra væri að sameiginlegur réttur verði lengdur í sex mánuði.

Hjúkrunardeildarstjóri á Vökudeild bendir enn fremur á að vegna tengslamyndunar væri æskilegra að fæðingar- og feðraorlof verði lengt í 14 mánuði í stað 12 mánaða eins og lagt er til í frumvarpinu. Slíkt væri hægt að gera í áföngum, sjá meðfylgjandi álit.

Virðingarfyllt,
f.h. Landspítala

María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Reykjavík, 18. febrúar 2017

Umsögn: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, 84. mál. Umsögnin er unnin af félagsráðgjöfum á Kvenna- og barnasviði og af hjúkrunardeildarstjóra vökudeildar Landspítala.

1. Við fögnum mjög tækifærinu að fá til umsagnar frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof. Einnig fögnum við þeirri löngu tímabæru breytingartillögu að lengingu að fæðingarorlofi. Mjög jákvætt er að auka eigi tímann sem barnið hefur með foreldrum sínum fyrstu mánuði ævi sinnar og hafa nýlegar rannsóknir sýnt fram á að fyrstu tengsl eru mikilvæg fyrir andlega og líkamlega heilsu barnsins og því er afar mikilvægt að nýfædda barnið geti fengið tækifæri til náinnar tengingar við frumumönnunaraðila sína. Þar fá þau það öryggi sem þau þurfa á að halda til að verða betur mótaðir fullorðnir einstaklingar.

Sæunn Kjartansdóttir sálgreinir segir: „Sjálfstæði sem stendur undir nafni næst ekki með því að henda börnum sem fyrst út í djúpu laugina. Þvert á móti er raunverulegt sjálfstæði afsprengi þess að hafa fengið að vera háður öðrum eins lengi og maður þarf. Ófullnægðar þarfir fyrir nánd í bernsku leiða til óseðjandi hungurs á fullorðinsaldri, til dæmis í mat, kynlíf eða áfengi.“

<http://www.visir.is/hver-er-tilgangur-faedingarorlofs-/article/2017170209116>

Vissulega er það jákvætt að hluti af markmiðum þessarar lengingar sé að styrkja samband barns og föður en þá áherslu má sjá á lengingu orlofs sem sérstaklega er merkt föður um tvo mánuði. Þessi þáttur er einnig þess valdandi að jafna stöðu foreldra á vinnumarkaði og kemur því frekar í veg fyrir að konur séu álitnari lakara vinnuafli vegna hugsanlegrar lengri fæðingarorlofstöku. Við erum þrátt fyrir þetta hugsi vegna hagsmuna barnsins. Nú er það svo að í langflestum tilfellum tekur móðir lengra fæðingarorlof og er það af líffræðilegum ástæðum að miklu leyti þar sem móðirin er sú sem gengur með og fæðir barnið auk þess sem hún er það foreldri sem getur verið með barnið á brjósti. En mikil áhersla er lögð á brjóstgjöf í íslensku samfélagi og mælir WHO með brjóstgjöf eingöngu fyrstu 6 mánuði af ævi barnsins og samhliða fæðugjöf í tvö ár. Af þessum sökum er hluti af fæðingarorlofinu ekki síður í þeim tilgangi til þess að móðir nái tökum á brjóstgjöf og nái sér líkamlega eftir undangengna mánuði vegna meðgöngu og fæðingar.

Önnur hugsanleg ástæða fyrir því að mæður taki frekar lengra fæðingarorlof en feður eru af fjárhagslegum toga þar sem karlar eru að jafnaði með hærri laun en konur og því meiri fjárhagsleg skerðing fyrir fjölskylduna að karlmennirnir taki langt fæðingarorlof.

Með þessari breytingartillögu þar sem mæður geta að hámarki tekið sjö mánuði og feður eiga sjálfstæðan fimm mánaða rétt, sem er auðvitað frábært fyrir samband föður og barns þá er þarna mikið misræmi milli réttinda barns sem á tvo foreldra sem taka jafnan þátt í umönnun barnsins og þeirra barna sem aðeins á eitt virkt foreldri. Í íslensku samfélagi er töluvert um einstæðar mæður þar sem þátttaka föður getur verið lítil eða engin. Má því líta svo á að brotið sé á rétti þeirra barna þar sem þau fá aðeins notið fullra samvista við annað foreldri sitt í sjö mánuði í stað þeirra tólf mánaða sem barn fær sem á tvo virka foreldra.

Okkur þykir þetta frumvarp fela í sér forræðishyggju þar sem foreldrum er ekki frjálst að velja með hvaða hætti fæðingarorlofstíma með barninu er ráðstafað. Við fögnum því að báðir foreldrar skuli eiga sérstakan rétt en setjum spurningamerki við hversu langan tíma hvort foreldri fyrir sig fær ósnertanlegan. Eðlilegra þætti okkur að stærri hluti væri sameiginlegur þar sem foreldrar sjái sjálfir um ráðstöfun þessa tíma. Við erum ekki að mæla með því að allur sjálfstæður réttur verði afnumin, síður en svo, mjög jákvætt að feður hafi sérstakan afmarkaðan tíma með barni sínu en stærsta ástæðan fyrir því að við mælum með meiri sameiginlegum rétti, er að okkur finnst á börnin hallað sem aðeins eiga eitt virkt foreldri. Þannig má hugsa sér að sér sjálfstæður réttur sé óbreyttur og að sameiginlegur réttur verði lengdur í sex mánuði, svo minna halli á þau börn sem aðeins hafa eitt virkt foreldri.

Eins mikið og við fögnum þessari lengingu þá finnst okkur eðlilegra að leggja áherslu á rétt barnsins til samvista við foreldra og að komið væri til móts við ólíkar fjölskyldugerðir. Að okkar mati er mikilvægt að foreldrum sé sjálfum treyst til þess að ráðstafa fæðingarorlofsréttindum með hag barnsins að leiðarljósi þar aðal áherslan ætti að vera réttindi barnsins.

Virðingarfyllst,

Sigurlaug H. S. Traustadóttir, félagsráðgjafi Vökudeildar Barnaspítala Hringins

Anna Guðrún Norðfjörð, félagsráðgjafi Kvennadeildar

Elva Sturludóttir, félagsráðgjafi Kvennadeildar

Elísa Óðinsdóttir, félagsráðgjafanemi Barnaspítala Hringins

2. Hef rýnt í lögum um fæðingar- og foreldraorlofið og frumvarpið til laga um breytingu.

Mín skoðun er sú að barn ætti að vera í samvistum við báða foreldra fyrstu 14 mánuðina þ.e. 2 mánuðum lengur en heildar sameiginlegir 12 mánuðir sem kynntir eru í frumvarpinu. M.t.t. barnsins/barnanna þá eru heilbrigð börn komin ágætlega á ról við 14 mánaða aldur, flest farin að ganga, ónæmiskerfið öflugara, flest hætt á brjósti og líkur á að komast í gæslu/leikskólaláss eru umtalsvert meiri en fyrir þann tíma sem styður foreldra í að komast út á vinnumarkaðinn aftur. Tengslamyndun og samvistir barns og foreldra á þessu aldurbili er einnig afar mikilvægur þáttur í andlegum- félagslegu- og líkamlegum þroska barnsins.

	Sjálfstæður réttur foreldra		Sameiginlegur réttur	Ákvörðun foreldra	Heildar réttur
	Móðir	Faðir/foreldri	Móðir/faðir-foreldri		
2000 - 2016	3	3	3	$3 + 3 = 6$	9
2018	4	4	3	$4 + 3 = 7$	11
2019	5	5	2	$5 + 2 = 7$	12
Kjör útkoma 2020	6	6	2	$6 + 2 = 8$	14

Bestu kveðjur,
 Margrét Ó. Thorlacius, RN, BS, RM, MHI
 Hjúkrunardeildarstjóri
 23D Vökudeild - nýbura- og ungbarnagjörgæsla
 Kvenna- og barnasvið
 Landspítali Háskólasjúkrahús
 101 Reykjavík